

SMT

agaferill Setbergsskóla

Viðbragðstig

Viðbrögð

1 Fyrsta viðbragðsstig

Munnleg áminning

Dæmi:

- þras/ögrun/rifrildi
- truflar athafnir/leiki/vinnu annarra
- gengur illa um
- pot/hrindingar/árekstrar

1. Starfsfólk minnir nemanda á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli.
2. Nemandi lætur segjast og málið telst leyst.
3. Nemandi fær skilaboð um að hann sé að standa sig vel.
4. Atvik er ekki skráð í Mentor.

2 Annað viðbragðsstig

Skrifleg áminning (atvik skráð)

Dæmi:

- dónaskapur
- fylgir ekki fyrirmælum/óhlýðni
- ósannsögli/svik/svindl
- annað (s.s. nemandi gengur út úr tíma í leyfisleysi)

1. Starfsmaður minnir aftur á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli.
2. Fyrirmæli eru endurtekin og nemandi fær viðvörðun um skráningu.
3. Atvik skráð í dagbókarhluta Mentor og hakað er við að umsjónarkennari sjái (ekki er hakað við að birta foreldrum).
4. Starfsfólk lætur umsjónarkennara vita af skráningu fyrir skólalok.
5. Umsjónarkennari ræðir við nemanda (helst samdægurs) og heldur utan um skráningar.
6. Umsjónarkennari hringir heim eftir þrjár skráningar hjá nemanda og eftir sex skráningar er haldinn fundur með forsjáraðilum og nemanda.

Skráningar fynast á milli skólaára.

3

Priðja stigs brot

Alvarleg atvik sem ógnað geta nemendum og/eða starfsfólki skólans.

Dæmi:

- síendurtekin truflun/ítrekað áreiti
- ógnandi hegðun/slagsmál/hótanir
- niðrandi orðbragð
- skemmdarverk
- varsla hættulegra hluta (s.s. vopn, eldfæri, reykingar, rafrettur, áfengi, munntóbak og fíkniefni)
- ögrandi hegðun (s.s. kynferðisleg)
- myndataka eða upptökur án leyfis

1. Nemandi er tekinn út úr aðstæðum.
2. Starfsmaður hefur strax samband við skólastjórnanda sem tekur ákvörðun um næstu skref.
3. Umsjónarkennari eða skólastjórni hefur samband heim, lætur vita af brotinu og forsjáraðili beðinn að sækja nemanda.
4. Nemandi mætir með forsjáraðila á fund í skólann daginn eftir.
5. Farið yfir atvik, lausn fundin og viðurlög ákveðin.
6. Atvik skráð í samráði við skólastjórnendur.



Lögbrot á skólatíma

Ef grunur eða víska er til staðar um lögbrot á skólatíma skal það tilkynnt til lögreglu í síma 112.

Dæmi:

- Ofbeldi getur verið kynferðislegt, líkamsárás þar sem brotapolí verður fyrir alvarlegu áfalli, meiðslum og/eða orðið fyrir árás með hættulegum aðferðum.
- Hættuleg aðferð telst t.d. þrenging að öndunarvegi, spark í höfuð eða bera, beita eða ógna með hverskonar vopnum.
- Alvarleg meiðsl teljast t.d. beinbrot, tannáverkar, höfuðmeiðsl og augnáverkar.
- Vopnaburður á almannafæri er bannaður samkvæmt vopnalögum 16/1998.
- Notkun, dreifing eða sala vímuefna í skólahúsnæði, á skólalóð eða bílastæðum skólans.
- Skemmdarverk eru t.d. rúðubrot, veggjakrot, innbrot í tölvukerfi skóla, íkveikjur og önnur umtalsverð skemmdarverk á eignum skólans.
- Þjófnaður er t.d. innbrot (einnig í tölvukerfi skóla), þjófnaður á munum/gögnum skólans þar sem tjón er umtalsvert t.d. á tölvum, tölvubúnaði, hljóðfærum eða fjármunum í eigu skólans.

1. Farið er með nemanda strax til skólastjórnanda.
2. Forsjáraðili sækir nemanda í skólann
3. Málið er yfirfarið og framhald metið af skólastjórnendum í samvinnu við umsjónarkennara.
4. Leið fundin til úrbóta og viðurlög í samræmi við alvarleika brots.
5. Atvik er skráð.

Dæmi um viðurlög 3. stigs brota og annarra alvarlegra brota:

- Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningu.
- Nemandi vinnur utan bekkjar.
- Vísað úr kennslu á meðan málið er tekið fyrir.
- Tímabundin brottvísun eða önnur úrræði fundin.
- Forréttindamissir.
- Hlutir gerðir upptækir.
- Máli vísað til nemendaverndarráðs.
- Mál tilkynnt til eineltis- og forvarnateymis.
- Mál tilkynnt til fjölskyldu- og barnamálasviðs.
- Mál tilkynnt til mennta- og lýðheilsusviðs.
- Mál tilkynnt til lögreglu.

Öll atvik þar sem grunur er um áhættuhegðun ungmenna undir lögaldri ber skólanum að tilkynna til barnaverndar og eftir atvikum til lögreglu.